



ÞJÓNUSTUSAMNINGUR
AKUREYRARBÆJAR OG
HESTAMANNAFÉLAGSINS LÉTTIS
2019 – 2023

Þjónustusamningur

Akureyrarkaupstaður, kt. 410169-6229 (í samningi þessum nefndur Akureyrarbær) og Hestamannafélagið Léttir (í samningi þessum nefnt Léttir), kt. 430269-6749 gera með sér samning um þjónustu sem félagið leggur fram í bæjarfélaginu.

I. Markmið samnings

1.gr.

Markmið Akureyrarbæjar með samningnum er að stuðla að því að öll börn og ungmenni eigi þess kost að iðka heilbrigt og metnaðarfullt íþrótt- og tómstundastarf við sem hagstæðust skilyrði óháð efnahag fjölskyldna.

Aðalstjórn Léttis ber ábyrgð á framgangi samningsins og fær til þess fast framlag sem ákvarðað er við gerð fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar ár hvert, skv. 5 gr.

II. Þjónustuframlag Léttis

2.gr.

Léttir býður upp á skipulagða íþróttþjálfun á Akureyri og veitir öðrum nauðsynlega þjónustu sem óska eftir að nýta sér þjónustu Léttis. Auk hefðbundins þjónustuframlags félagsins í skipulagðri íþróttþjálfun er Léttir tilbúið til samstarfs við hlutaðeigandi aðila um rekstur íþróttaskóla fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla, sbr. fylgiskjal nr. 1.

3.gr.

Aðalstjórn Léttis hefur yfirstjórn með faglegu starfi félagsins og hefur það hlutverk að halda utan um skipulagt starf félagsins, fjárreiður og bókhald þess eins og lög um bókhald. Önnur verkefni og hlutverk Léttis eru gerð skil í fylgiskjali nr. 1.

4. gr.

Léttir fær til úthlutunar tíma í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar í samræmi við tímaúthlutunarreglur ÍBA og Akureyrarbæjar.

III. Framlög og greiðslur

5.gr.

Framlag Akureyrarbæjar til Léttis samkvæmt samningi þessum er í samræmi við „Forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs íþróttafélaga“ skv. fylgiskjali nr. 2.

Árið 2019 er framlag til Léttis skv. flokki II (100-199 iðkendur), alls **kr. 600.000**. Framlagið er endurskoðað árlega m.t.t. breytinga á iðkendafjölda/forsendum sbr. fylgiskjal nr. 2.

Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs.

Greiðslur fyrir þjónustuna á hverju ári skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í þremur jöfnum greiðslum og skal greiðast í byrjun janúar, maí og september.

Skilyrði fyrir greiðslum er að Léttir hafi staðið skil á ársreikningi og ársskýrslu til Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar í samræmi við samning þennan.

6.gr.

Verði veruleg breyting á forsendum, taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. Breytingar skulu þó ávallt vera gerðar með 6 mánaðar fyrirvara. Léttir á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 6.gr. verði lækkað eða felld niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Sbr 14.gr. skal Akureyrarbær gefa Létti sex mánaða fyrirvara og getur ekki felld niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

IV. Gæðaviðmið

7.gr.

Léttir skal starfa í samræmi við stefnuýfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga og hafa áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Félagið skal starfa eftir íþróttastefnu Akureyrarbæjar, íþróttanámskrá Íþróttabandalags Akureyrar og fyrirmyndarféлага ÍSÍ.

Þjóða skal upp á faglegt starf sem tekur mið af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, sjá <http://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-samfelog/grunnthaettir-barnvaenna-sveitarfelaga/>

Íþróttadeild Akureyrarbæjar og Íþróttabandalag Akureyrar fylgjast með að farið sé eftir gæðaviðmiðum, sjá fylgiskjal nr. 3.

V. Upplýsingaskylda Léttis og önnur ákvæði

8.gr.

Í síðasta lagi í júní ár hvert skal Léttir skila ársreikningi og ársskýrslu síðasta starfsárs um starfsemi félagsins til Íþróttabandalags Akureyrar og deildarstjóra íþróttamála sem eru eftirlitsaðilar með samningi þessum af hálfu Akureyrarbæjar (sjá tillögur að efnistöfum ársskýrslu í fylgiskjali nr. 4). Í ársskýrslunni skal tilgreint hvernig framlagi þessa samnings var varið.

Bókhald barna- og unglíngastarfs og eldri flokka skal vera aðskilið.

10.gr.

Samningur þessi fellur undir „Reglur um styrkveitingar Akureyrarkaupstaðar“. Ákvæði þeirra reglna gilda fyrir þennan samning.